

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1143/2019 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „22.000 kr.“ tvívegis í 4. mgr. kemur: 22.800 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „22.000 kr.“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: 22.800 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ tvívegis í 6. mgr. kemur: 11.400 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í 1. tölul. 6. mgr. kemur: 11.400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, öðlast gildi 1. janúar 2025.

Heilbrigðisráðuneytinu, 16. desember 2024.

Willum Þór Þórsson.

Ásthildur Knútsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 23. desember 2024